



# Byggjum saman nýjan Landspítala

Nýr Landspítali ohf. (NLSH) eflir liðsheild sína á verkefnastofu félagsins við Hringbraut.

## Staðarverkfræðingur

### ■ Við leitum að aðila til að annast m.a.:

- Stýringu framkvæmda af hálfu verkkaupa
- Verkefnastjórnun og verkskipulagningu framkvæmdasamninga
- Áætlunar- og kostnaðareftirlit framkvæmdaverka
- Áhættugreiningu og áhættuvöktun framkvæmdaverka
- Hönnunarrýni verklýsinga og teikninga
- Verkeftirlit og úttektir einstakra verka

## Verkefnastjóri á framkvæmdasviði

### ■ Við leitum að aðila til að annast m.a.:

- Verkefnastjórnun framkvæmdasamninga
- Áætlunar- og kostnaðareftirlit framkvæmdaverka
- Áhættugreiningu og áhættuvöktun framkvæmdaverka
- Hönnunarrýni verklýsinga og teikninga
- Verkeftirlit og úttektir einstakra verka

### ■ Helstu menntunar- og hæfniskröfur:

Leitað er að einstaklingum sem eru með háskólamenntun á sviði verk- og tæknifræði, hag- og viðskiptafræði eða aðra sambærilega menntun. Krafist er minnst sjö ára reynslu á atvinnumarkaði af stjórnun eða virkri þátttöku í framkvæmda-, tækja- eða innkaupaverkefnum. Auk þess er kostur ef viðkomandi hafa þekkingu á verklegum opinberum framkvæmdum eða innkaupaferlum og búnaði svo og reynslu af áætlunargerð, tíma- og fjárhagslegri stýringu verkefna.

NLSH tekur m.a. þátt í verkefnastjórn á þróunar-, hönnunar- og framkvæmdaverkefnum vegna húsnæðis og innviða á nýjum Landspítala m.a. gatnagerðar og lóðar við Hringbraut. Félagið, sem er að fullu í eigu ríkisins, er í samstarfi við fjölmarga hagsmunaaðila. Fjöldi ráðgjafa og verktaka starfa fyrir félagið. Nánari upplýsingar um NLSH má finna á [www.nlsh.is](http://www.nlsh.is).

Umsóknarfrestur er til og með **27. júní 2022**. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. **Allar umsóknir eru trúnaðarmál og verða nöfn umsækjenda ekki birt opinberlega.**

## Verkefnastjóri innkaupa

### ■ Við leitum að aðila til að annast m.a.:

- Faglega ráðgjöf varðandi innkaup til fagsviða NLSH
- Stefnumótun um innkaupaleiðir
- Samskipti og samvinnu við Ríkiskaup
- Gerð samninga um innkaup
- Framvinduáætlanir innkaupaverkefna
- Áhættumat á innkaupaverkefnum

## Verkefnastjóri tækja og búnaðar

### ■ Við leitum að aðila til að annast m.a.:

- Þróun og vinnslu áætlana um lækninga- og rannsóknatæki og almennan búnað
- Skilgreiningu búnaðarins með notendum og ráðgjöfum
- Umsjón með skráningu búnaðarins
- Aðkomu að stefnumótun um aðferðafræði við innkaup búnaðarins